

# PRÓF til viðurkenningar bókara

## II. HLUTI

### SKATTSKIL OG UPPLÝSINGATÆKNI - SJÚKRAPRÓF

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: *Skattskil og upplýsingatækni*

Prófdagur: **19. janúar 2015** **Kl.:** 16.00 – 19.00

Próftími alls: **3 klukkustundir** **Prófblöð** **8 blaðsíður**  
**p.m.t.**  
**forsíða):**

Leyfileg hjálpargögn: **Lög og reglugerðir skv.** **Fylgiblöð:**  
**prófefnislýsingu** **Óutfyllt blöð**  
**Vasareiknir**

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG OG TILVITNANIR TIL LAGA OG REGLUGERÐA.

GANGI ÞÉR VEL.

## I. hluti - krossaspurningar (45%)

Veljið aðeins eitt svar af þeim svarmöguleikum sem eru til staðar við hverja spurningu. Vægi hvernar spurningar er 3% að undanskildum spurningum 12 og 13 en þar er vægi hvorrar spurningar 6%.

1. Hvert er frítekjumark heildarvaxtatekna hjóna við álagningu 2015 (óbreytt frá árinu 2014)?
  - a. 30% af vaxtatekjum.
  - b. 70% af vaxtatekjum.
  - c. Vaxtatekjur að fjárhæð 125.000 krónum á ári.
  - d. Vaxtatekjur að fjárhæð 250.000 krónum á ári.
2. Gísli sem er framkvæmdastjóri ÞÆÖ ehf., sem er með dótturfélög víðsvegar um heiminn, hefur óskað eftir því við þig að við útreikning á bifreiðahlunnindum verði ekki reiknuð hlunnindi í maí og júní vegna bifreiðar sem hann hefur frjáls og ótakmörkuð afnot af. Ástæður þessa eru að bifreiðin stóð óhreyfð á bílastæði við Leifsstöð frá 29. apríl til 3. júlí þar sem Jón var við vinnu erlendis í maí og í framhaldi af því fór hann í sumarfrí til Japan. Hvað munt þú gera vegna þessa?
  - a. Reikna hlunnindi vegna maí, en ekki vegna júní.
  - b. Reikna hlunnindi vegna júní, en ekki vegna maí.
  - c. Gera eins og Gísli biður um og ekki reikna nein hlunnindi vegna þessa.
  - d. Reikna hlunnindi fyrir báða mánuðina.
3. Steingrímur hefur starfað fyrir ÞÆÖ ehf. í nokkur ár. Honum býðst nú að vinna fyrir ÞÆÖ ehf. í Noregi en félagið landaði nýlega stóru verkefni þar. Steingrímur hefur heyrt að þar sem hann muni vinna erlendis þá muni hann geta fengið hluta launanna greidda sem dagpeninga og að hann þurfi ekki að greiða skatt af dagpeningunum. Er þetta rétt hjá Steingrími?
  - a. Steingrími er heimilt að færa frádrátt á móti dagpeningum erlendis fjárhæð sem nemur óskertum almennum dagpeningum erlendis skv. skattmati ríkisskattstjóra.
  - b. Steingrími er heimilt að færa frádrátt á móti dagpeningum erlendis fjárhæð sem nemur dagpeningum vegna þjálfunar-, náms- eða eftirlitsstarfa skv. skattmati ríkisskattstjóra.
  - c. Steingrími er heimilt að færa frádrátt á móti dagpeningum erlendis fjárhæð sem nemur óskertum almennum dagpeningum fyrstu vikuna en síðan fjárhæð sem nemur þjálfunar- náms- eða eftirlitsdagpeningum.
  - d. Steingrími er ekki heimilt að færa frádrátt á móti dagpeningum. Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna almennra starfa þar á vegum íslensk launagreiðanda eiga reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við. Honum er þá heimilt að

draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag allt að einu ári.

4. Við sölu á gjafakorti í verslunum:
  - a. Ber að skrá söluna í sjóðvél og gefa út kvittun.
  - b. Ber að skila útskatti miðað við afhendingu gjafakortsins en ekki þegar eigandi þess nýtir kortið við kaup á vöru.
  - c. Skal miða skatthlutfall virðisaukaskatts við það hlutfall sem er meira en 70% af sölu verslunarinnar.
  - d. Allt af ofangreindu er rétt.
  - e. Eingöngu a og b er rétt.
5. Einstaklingar geta skilað skattframtölum til ríkisskattstjóra þótt allir frestir séu liðnir til að kæra álagningu tekjuskatts, ef:
  - a. Um er að ræða verulega hagsmuni skattaðila að baki beiðninni .
  - b. Beiðnin nær a.m.k. til tveggja ára aftur í tímann.
  - c. Sýnt sé fram á það með gögnum að óviðráðanlegar utanaðkomandi aðstæður hafi hindrað skattskil á réttum tíma.
  - d. Allt af ofangreindu er rétt
6. Guðrún fékk styrk frá stéttarfélaginu sínu vegna kostnaðar við þátttöku í prófi til að öðlast viðurkenningu sem bókari. Hvernig ber að fara með styrkinn í skattframtali Guðrúnar?
  - a. Guðrún færir styrkinn til tekna í skattframtalinu sínu og færir á móti kostnað vegna próftökugjalds. Guðrún greiðir þannig ekki skatt af styrknum.
  - b. Guðrún færir styrkinn til tekna í skattframtalinu sínu en færir engan kostnað á móti. Guðrún greiðir því fullan tekjuskatt af styrknum.
  - c. Guðrún gerir grein fyrir styrknum í athugasemdadálki á forsíðu skattframtalsins. Guðrún greiðir engan skatt af styrknum.
  - d. Guðrún gerir enga grein fyrir styrknum á skattframtali sínu enda ekki um framtalsskyldar tekjur að ræða.

7. Hvað af eftirtöldu er eitt af þeim skilyrðum sem þurfa vera uppfyllt svo heimilt sé að halda útlögðum kostnaði utan skattverðs í virðisaukaskatti, þ.e. ekki leggja virðisaukaskatt ofan á kostnaðinn sem verið er að innheimta?
- a. Seljandi nýtir ekki innskattinn skv. reikningnum fyrir kostnaðinum.
  - b. Seljandi endurkrefur kaupanda um kostnað án nokkurs álags eða þóknunar.
  - c. Seljandi leggur ekki virðisaukaskatt ofan á upphæðina.
  - d. Reikningur vegna kostnaðarins er skráður á nafn kaupanda sem fær frumrit reikningsins í hendur.
  - e. Bæði b og c.
  - f. Öll skilyrðin (a –d) þurfa að vera uppfyllt til að seljandi megi halda hinum útlagða kostnaði fyrir utan skattverð.
8. Bakdyr í upplýsingakerfum eru t.d.:
- a. Beinn aðgangur að gagnagrunnum.
  - b. Gagnatap vegna þjófnaðar.
  - c. Breytingar á inntaksupplýsingum í kerfum.
  - d. Bæði a og c er rétt.
9. Eva leigir út íbúðarhúsnæði sem hún erfði eftir ömmu sína. Húsaleigan er 100.000 kr. á mánuði og inni í leigunni er greiðsla í hússjóð, 10.000 kr. á mánuði og rafmagn og hita, 7.000 kr. á mánuði. Eva leigði íbúðina út allt árið 2011. Leigutaki íbúðarinnar er Viðurkenndi bókarinn ehf. og fer rekstur bókhaldsstofunnar fram í húsnæðinu. Eva er að velta fyrir sér hvernig hún eigi að telja leigutekjurnar fram. Gerið ráð fyrir að Eva vilji nýta sér þær heimildir skattalaga sem eru hagstæðastar fyrir hana. Hverju svarar þú?
- a. Eva telur fram 1.200.000 kr. sem leigutekjur í kafla 3.7 á skattframtalinu sínu.
  - b. Eva telur fram 70% af 1.200.000 kr. sem leigutekjur í kafla 3.7 á skattframtalinu sínu.
  - c. Eva telur fram nettóhúsaleigu, 996.000 kr. í kafla 3.7 á skattframtalinu sínu.
  - d. Eva gerir rekstrarskýrslu, RSK 4.11 þar sem hún gerir grein fyrir leigutekjum að fjárhæð 1.200.000 kr. Hún getur fært til frádráttar kostnað við hússjóð að fjárhæð 120.000 kr. sem og kostnað fyrir rafmagn og hita, 84.000 kr. Einnig getur Eva fært til frádráttar annan kostnað sem tengist húsnæðinu.

10. Rekstraröryggi upplýsingakerfa miðar að því að upplýsingakerfi sé aðgengilegt og að upplýsingakerfi sé nothæft. Hvaða atriði á ekki við almenn innri eftirlitsatriði vegna rekstraröryggis upplýsingakerfa?

- a. Eftirlit með afritatöku og aðgangi.
- b. Verkaskipting og aðgreining starfa við keyrslu forrita.
- c. Gerð og prófun neyðaráætlana.
- d. Afstemning birgða.

11. ÞÆÖ ehf. hefur ákveðið að rannsaka og greina innri og ytri áhættuþætti fyrirtækisins. Hvaða liður inniheldur ekki innri áhættuþátt?

- a. Rekstrartruflun í tölvukerfum.
- b. Ný lög eða reglugerðir.
- c. Ný eða breytt upplýsingakerfi.
- d. Minnkandi miðstýring.

12. Björg er mjög sparsöm kona og hefur náð að leggja fyrir á verðtryggða bók 50.000 kr. á mánuði í nokkur ár og á árinu 2014 fékk hún 115.000 kr. í vexti og 150.000 kr. í verðbætur. Trausti, eiginmaður Bjargar, á líka smá sjóð en hann er fastagestur í bingóinu í Vinabæ og hefur átt góðu gengi að fagna. Hann mætir á bingó til að græða pening og leggur alltaf allan gróðann inn á bankareikning sem eftir nokkur ár af stífri bingósókn er orðin ágætis upphæð. Hann fékk 285.000 kr. í vexti á árinu 2014 af bingósjóðnum sínum. Hjónin hafa einnig fjárfest í hlutabréfum undanfarin ár og í ágúst 2014 var millifært á reikninginn þeirra 200.000 kr. sem var arðgreiðsla af hlutabréfum þeirra í Össuri hf. að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

Hversu hár verður álagður fjármagnstekjuskattur hjónanna við álagningu 2015 vegna tekna ársins 2014?

- a. 160.000 kr.
- b. 110.000 kr.
- c. 100.000 kr.
- d. 150.000 kr.

13. Faðir Sveins féll frá á árinu 2013 og var Sveinn eini erfinginn. Meðal þess sem Sveinn erfði frá föður sínum var lítil 50 fm<sup>2</sup> íbúð á Laugavegi og 45 fm<sup>2</sup> sumarbústaður í Húsafelli. Í byrjun árs 2014 ákvað Sveinn að selja báðar eignirnar enda hefðu hann og kona hans nóg með sína íbúð en þau hjónin búa í 150 m<sup>2</sup> raðhúsi í Breiðholti. Sveinn vissi að faðir sinn hafði keypt íbúðina þremur árum fyrir andlát sitt á 13.500.000 kr. en Sveinn seldi íbúðina á 15.000.000 kr. Sumarbústaðinn keypti faðir Sveins á árinu 2008 á 3.000.000 kr. en Sveinn seldi bústaðinn á 10.000.000 kr.

Hver verður fjármagnstekjuskattur hjónanna við álagningu við álagningu 2015 vegna sölu á íbúðinni á Laugavegi og sumarbústaðnum í Húsafelli á árinu 2014. Gerið ráð fyrir að Sveinn og kona hans nýti sér þær heimildir skattalaga sem eru hagstæðastar fyrir þau?

- a. 1.400.000 kr.
- b. 0 kr.
- c. 1.000.000 kr.
- d. 1.700.000 kr.

## II. hluti – tekjuskattur og skattskil (35%)

Við skulum gera ráð fyrir að árið 2014 sé nýliðið. Jóna Jónudóttir rekur ferðaþjónustu í félagi sínu Esjuferðir ehf. Jóna hefur verið með ferðaþjónustu í fimm ár en hún stofnaði félagið upphaflega fyrir fimmtán árum og starfaði við hundapjálfun fyrstu sjö árin. Félagið hét þá Hundapjálfun Jónu ehf. en Jóna breytti um nafn og tilgang félagsins fyrir fimm árum. Starfsemi lá niðri í félaginu í þrjú ár. Hjá félaginu starfa auk Jónu fimm starfsmenn.

Hagnaður félagsins fyrir skatta á rekstrarárinu 2014 nam 25.000 kr.

Eftirfarandi upplýsingar eru fyrirliggjandi um kostnað félagsins á árinu 2014 (allar tölur eru í þúsundum króna og eru án virðisaukaskatts).

1. Í ársreikningi kom fram að afskriftir eigna félagsins, sem að mestu leyti eru bifreiðar voru 800 kr., en ákvæði skattalaga kveða á um að almennar fyrningar félagsins ættu að vera 550 kr.
2. Esjuferðir ehf. á uppsafnað skattalegt tap sem á eftir að taka tillit til að fjárhæð 1.000 kr. Þar af eru 350 kr. vegna taps sem myndaðist í rekstrinum árið 2003, 400 kr. vegna taps sem myndaðist í rekstrinum árið 2005 og 250 kr. vegna taps sem myndaðist í rekstrinum árið 2013.
3. Árið 2012 keyptur Esjuferðir ehf. 10% hlut í veitingastaðnum Esjumatur ehf. á genginu 4,5. Nafnverð hlutanna var 250 kr. Í desember 2014 seldu Esjuferðir ehf. hlut sinn í Esjumat ehf. á genginu 3,5. Lögfræðikostnaður vegna sölunnar var 50 kr. Sölutapið var gjaldfært í bókum félagsins.
4. Viðskiptakröfur í ársreikningi 2014 námu 3.000 kr. Í skattframtali 2014 vegna rekstrarársins 2013 voru viðskiptakröfur færðar niður um 100 kr.

5. Esjuferðir ehf. bauð starfsmönnum til Akureyrar í árshátíðarferð þar sem gist var á hóteli eina nótt og farið á fínasta veitingastað bæjarins. Var kostnaður á mann 2.000 kr. og voru því gjaldfærðar 12.000 kr.
6. Jóna er með fólksbíl í eigu Esjuferða ehf. til fullra og ótakmarkaðra afnota. Esjuferðir ehf. halda eftir staðgreiðslu af bifreiðahlunnindum að fjárhæð 2.743 kr. á árinu 2014. Gjaldfærður rekstrarkostnaður Esjuferða ehf. vegna fólksbifreiðarinnar nam 5.000 kr. á árinu 2014.
7. Gengishagnaður á árinu 2012 nam 900 kr. og gengistap á árinu 2013 nam 1.500 kr. Gengishagnaður á árinu 2014 skv. ársreikningi nemur 300 kr.

#### **Verkefni:**

Reiknaðu út tekjuskattstofn og tekjuskatt félagsins Esjuferðir ehf. fyrir **tekjuárið 2014** m.t.t. framangreinds. Þar sem félagið er rekið með hagnaði skulu ýtrustu frádráttarheimildir skattaréttarins nýttar.

Við biðjum þig að **rökstyðja niðurstöðu þína á hnitmiðaðan hátt fyrir hvern lið athugasemdanna (frá 1 -7)** með viðeigandi **tilvísunum í laga- og reglugerðarákvæði og frekari útskýringum** ef með þarf. Auk þess þarf að sýna **forsendur útreiknings**.

### **III. hluti – virðisaukaskattur og skattskil – (20%)**

Við afstemmingu og yfirferð á virðisaukaskattsskilum vegna ársins 2014 gerði bókarí Esjuferða ehf. ýmsar athugasemdir við meðferð virðisaukaskatts í bókhaldinu og taldi að leiðrétta þyrfti skattskil félagsins til virðisaukaskatts að einhverju leyti. Bæði Esjuferðir ehf. og Esjumatur ehf. eru á virðisaukaskattsskrá vegna sölu á virðisaukaskattsskyldri vöru og/eða þjónustu.

1. Meginhluti kostnaðar vegna bifreiða í rekstri félagsins var innskattaður, þ.m.t. vegna eldsneytis og viðgerða. Um er að ræða breyttar jeppabifreiðar af gerðinni Landrover Defender sem notaðar eru til þess að fara með ferðamenn inn á hálendi Íslands til að skoða náttúruperlur utan alfaraleiða. Hver bifreið tekur 5-7 manns.
2. Esjuferðir ehf. hafa boðið upp á veisluþjónustu upp á Vatnajökli og fengu dótturfélag sitt, Esjumatur ehf. til þess að sjá um veitingarnar. Á móti sáu Esjuferðir ehf. um að flytja veisluföng í þeim verkefnum sem Esjumatur ehf. tók að sér annars staðar. Í lok hvers mánaðar voru viðskiptin gerð upp og gerður reikningur á það félag sem hafði tekið út vöru eða þjónustu fyrir hærri upphæð, þ.e. eingöngu var gerður reikningur fyrir mismuninum sem stóð út af eftir skuldajöfnun milli félaganna.
3. Kostnaður vegna gistingar starfsmanna í árshátíðarferðinni til Akureyrar var innskattaður en Jóna tók það sérstaklega fram við bókarann að hún hafi ekki nýtt innskattinn af veitingum í ferðinni.

4. Reikningurinn fyrir hótulgistingunni var stílaður á Jónu sjálfa þar sem hún greiddi upphaflega kostnaðinn sjálf með eigin kreditkorti. Hún uppgötvaði svo mistökin og lét skuldfæra á kreditkort fyrirtækisins en reikningurinn var óbreyttur.

Gerið **athugasemdir** við meðferð virðisaukaskattsins ef við á eða **staðfestið** rétta meðferð virðisaukaskatts í hverjum lið hér að ofan (1-4).

Við biðjum þig að **rökstyðja niðurstöðu þína á hnitmiðaðan hátt fyrir hvern lið athugasemdanna (frá 1 -4)** með viðeigandi **tilvísunum í laga- og reglugerðarákvæði og frekari útskýringum** ef við á.